

Miðvikudaginn 16. júní 1976.

Nr. 115/1976. **Tryggvi D. Friðriksson**
 gegn
Protabúi Skeljafells h/f.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 24. maí 1976, sem barst Hæstarétti 1. júní 1976. Krefst sóknaraðili þess, að frávísunardómur, uppkveðinn á bjarþingi Reykjavíkur 9. apríl 1976, sem hann fékk vitneskju um 13. maí s. á., verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur krafist staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Af gögnum máls kemur fram, að fyrir uppsögu héraðsdóms var bú Skeljafells h/f tekið til gjaldþrotaskipta, og hefur þrotabúi félagsins tekið við aðild málsins, shr. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 85/1936.

Mál þetta var þingfest á bjarþingi Reykjavíkur 8. apríl 1975 af Friðgeir Björnssyni, fulltrúa yfirborgardómara. Þingaði hann nokkrum sinnum í málinu, en með úrskurði, uppkveðnum 24. júní 1975, véc yfirborgardómari sæti, þar sem sonur hans var lögmaður sóknaraðilja. Var sérstakur setudómari skipaður 25. nóvember 1975 til að fara með málið. Er þó ekkert fram komið um það, að aðrir hinna reglulegu borgardómara hafi verið vanhæfir til meðferðar þess, enda leiddi það ekki af vanhæfi yfirborgardómara, að þeir mættu ekki með málið fara. Breyta ákvæði 9. gr. laga nr. 74/1972 engu í því efni.

Frávísunarkrafa varnaraðilja var eingöngu reist á því, að

málið væri vanreifað af hendi sóknaraðilja í stefnu og greinargerð hans. Í greinargerð sinni fyrir Hæstarétti hefur sóknaraðili haldið því fram, að kröfur hans á hendur varnaraðilja, sem komnar hafi verið í gjalddaga, þegar málið var höfðað, hafi verið nægilega reifaðar.

Reifun dómkrafna sóknaraðilja var að vísu óskilrík í stefnu, greinargerð og öðrum sóknargögnum, sem hann lagði fram við þingfestingu máls 8. apríl 1975. Sóknaraðili hefur bent á, að þetta hafi að nokkru stafað af því, að hann hafi ekki haft aðgang að skjölum í vörslu Skeljafells h/f. Þykir eigi alveg næg ástæða til að vísa málinu frá héraðsdómi að svo stöddu, enda hafa nú verið lögð fram nánari gögn um kröfuna, og þess er að vænta, að málsatvik skýrist enn frekar við síðari gagnaöflun málsaðilja. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til lögleggrar meðferðar og dóms.

Eftir þessum málalokum ber að dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst 10.000 krónur.

Í héraðsdómi er greint frá aðiljaskýrslu Magnúsar Bjarnasonar framkvæmdastjóra um nánar tilgreind atriði. Hvorki verður þó séð, að hann hafi gefið skýrslu um málsatvik fyrir dómi né heldur er meðal málsgagna að finna skriflega skýrslu hans um sakarefnið. Er því rangt hermt í héraðsdómi um þetta atriði.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til lögleggrar meðferðar og dómsálagningar.

Varnaraðili, þrotabú Skeljafells h/f, greiði sóknaraðilja, Tryggva D. Friðrikssyni, 10.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. apríl 1976.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 6. apríl sl. að loknum munnlegum málflutningi, hefur Tryggvi D. Frið-

riksson, Krosseyrarvegi 5, Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 3. apríl 1975, gegn Skeljafelli h/f, Bolholti 4, Reykjavík, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 127.232 auk 14% ársvaxta af kr. 120.000 frá 15. nóvember 1974 til 24. mars 1975, en af kr. 127.232 frá þeim degi til greiðsludags og staðfestingar löghaldsgerðar fógetadóms Kjósarsýslu 24. mars 1975 og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að málinu verði vísað frá dómi og stefnda verði tildæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Sátt hefur verið reynd, en án árangurs.

Í stefnu eru kröfuliðir sundurliðaðir á eftirfarandi hátt, en stefnandi starfaði sem trésmiður í þjónustu stefnda, að á tímabilinu 1. júní—15. nóvember 1974 lét stefndi stefnanda greiða sér kr. 26.000 í fæðiskostnað, en samkvæmt álti stefnanda bar honum aðeins að greiða kr. 6.000, og nemur oftekinn fæðiskostnaður kr. 20.000. Á tímabilinu okt.—15. nóv. 1974 vann stefnandi uppmælingarvinnu fyrir stefnda og hefur ekki fengið greiddar kr. 95.000 vegna þeirrar vinnu. Á sama tíma notaði stefnandi eigin verkfæri í þágu stefnda og að hans beiðni, og nemur leiga fyrir verkfærin kr. 5.000, en fjárhæðir þessar, kr. 20.000 + 95.000 + 5.000, nema alls kr. 120.000, sem stefndi hefur ekki fengist til að greiða þrátt fyrir ítrekaðar greiðsluáskoranir. Þann 24. mars 1975 lagði sýslumaðurinn í Kjósarsýslu löghald á vinnuskúr í eigu stefnda við Hofslund 5, Garðahreppi, til tryggingar ofangreindri kröfu, og nam útlagður kostnaður stefnanda við löghaldsgerðina kr. 7.232, en fjárhæðir þessar, kr. 7.232 + 120.000, gera stefnu-fjárhæðina, kr. 127.232.

Í greinargerð stefnanda, dskj. nr. 2, segir orðrétt til frekari skýringar á málavöxtum: „Stefndi hefur ekki lagt fram nákvæmt né sundurliðað uppgjör við stefnanda, en öll gögn varðandi uppmælingarvinnu og fæðisgreiðslur eru í hans vörslu, og er hluti stefnukröfunnar því áætlun stefnanda um skuld stefnda við sig, sbr. dskj. nr. 3.

Sundurliðun á dskj. nr. 3 er eftirfarandi:

Ofteknir fæðispeningar 1. júní—15. nóvember 1974 ..	kr. 20.000
Ógreidd uppmælingarvinna við Hofslund 5, Garðahreppi, samkvæmt uppmælingu, við álklæðningu, glerisetningu o. fl. í okt.—des. 1974 ..	35.000
Ógreidd mælingarvinna við Dalshraun 3, Hafnar-	

firði, við álklæðningu, einangrun o. fl. í okt.—des. 1974 kr. 60.000
 Vélaleiga 1. júní—15. nóvember 1974 — 5.000

Alls kr. 120.000

Stefndi hefur í greinargerð krafist þess, að málinu verði vísað frá dómi, þar sem málatilbúnaður stefnanda sé með öllu ófullnægjandi og málið sé vanreifað, eða réttara sagt með öllu óreifað. Hafi stefnandi þverbrotið þá meginreglu einkamálalaganna, að málatilbúnaður allur skuli vera skýr og skilmerkilegur. Krafa stefnanda sé eingöngu byggð á dskj. nr. 3, sem sé reikningur stefnanda til stefnda, og hafi stefndi fyrst séð þennan reikning við þingfestingu málsins. Stefndi bendir síðan á, að skortur á útlistun fæðiskostnaðarreiknings, engin útlistun sé vegna uppmælingarvinnu né heldur verkfæraleigu, valdi því, að mjög óhægt sé um vik að taka efnislega afstöðu til málsins, og að af þessum sökum beri að taka frávísunarkröfuna til greina. Hann áskilur sér rétt til að skila efnislegri greinargerð, verði frávísunarkrafan ekki tekin til greina.

Þá bendir stefndi á, að mál þetta til staðfestingar löghaldsgerð, sem framkvæmd var 24. mars 1975, sé höfðað of seint, þar sem meira en ein vika leið frá gerð löghalds til birtingar stefnu.

Með vísun til 1. mgr. 20. gr., sbr. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann lítur dómurinn þannig á, að stefna í staðfestingarmálinu sé of seint birt og því sé staðfestingarmálið niður fallið og mál þetta sé því rekið sem almennt einkamál.

Stefndi hefur í réttinum sýnt endurrit úr skiptabók Reykjavíkur, en þar kemur fram, að á skiptafundi í þrotabúi Skeljafells h/f, sem tekið hefur verið til gjaldþrotaskiptameðferðar, var hinn 20. nóvember 1975 ákveðið að fela Hilmar Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni að fara með mál þetta fyrir hönd búnsins.

Magnús Bjarnason, framkvæmdastjóri Skeljafells h/f, hefur komið fyrir dóminn og gefið aðiljaskýrslu.

Hann hefur veitt upplýsingar varðandi fæðis kaup, og stefndi hefur lagt fram ljósrit af launaseðli, dskj. nr. 9, þar sem fram kemur, að fæðis kaup er reiknað kr. 25.650 fyrir ótilgreint tímabil pr. 13. desember 1974. Hefur stefnandi ritað nafn sitt á launaseðilinn fyrir móttöku greiðslu samkvæmt þessum launaseðli, en þó með fyrirvara.

Á dskj. nr. 7, sem er síðari útreikningur stefnanda á kröfu sinni, hefur liðurinn ofgreitt fæði verið lækkaður í kr. 25.650.

Magnús Bjarnason kveður stefnda hafa dregið fæðiskostnað af stefnanda með vísun til ákvæða, einkum 3. greinar, í samningi um kaup og kjarasamning milli Meistarafélags iðnaðarmanna í Hafnarfirði og Félags byggingariðnaðarmanna í Hafnarfirði fyrir húsa- og húsgagnasveina, dags. 1. mars 1974.

Varðandi kröfu um greiðslu vegna verkfæraleigu hefur stefndi viðurkennt, að stefnandi notaði eigin vélar í þágu sína, en mót-mælir því hins vegar í greinargerð, að hann hafi beðið um af-notin, en gerir sér ekki grein fyrir því, hvernig fjárhæðin er fundin út.

Krafa um vinnulaunagreiðslu er tvíþætt.

Annars vegar er um að ræða vangoldin laun samkvæmt upp-mælingu við Dalshraun 3, Hafnarfirði.

Magnús Bjarnason hefur bent á, að mæling þessi hafi verið framkvæmd 21. apríl 1975, en löghaldsgerð til tryggingar launum fyrir verkið hafi verið gerð 24. mars 1975 og stefna máls þessa birt 3. apríl 1975. Venja sé, að uppgjör vegna mælinga fari fram 14 dögum eftir að mæling liggur fyrir.

Hins vegar er um að ræða vangoldin laun vegna mælingar á verki við Hofslund 5, Garðahreppi. Magnús Bjarnason taldi, að uppgjóri vegna þessa verks væri lokið. Upplýsingar um uppgjör vegna verksins sé að finna í bókhaldsgögnum Skeljafells h/f, sem eru í vörslum skiptaréttar Reykjavíkur.

Rétturinn álitur, að stefnandi hafi í málatilbúnaði sínum eigi rökstutt né sundurliðað nægilega kröfu sína um ofgreitt fæði, t. d. vantar skýringu á því, hvers vegna stefnandi álitur 6.000 krónur hæfilegt gjald fyrir fæði, engin tilvísun er gerð til kjara-samninga eða annarra heimilda til stuðnings endurkröfu fæðis-kostnaðarins, og þó virðist sem stefnandi hafi neytt fæðu þeirrar, sem stefndi útvegaði og færði honum.

Krafa um greiðslu vegna vélaleigu þykir ekki nægilega skýr, t. d. vantar leigufjárhæð, vélafjölda, dagafjölda eða aðrar þær út-listanir, er varpað geti betur ljósi á inntak kröfunnar.

Varðandi liðinn um vangreidd laun vegna mælingar að Dals-hrauni 3, Hafnarfirði, virðist mega ráða, að krafan var ekki gjald-fallin, er löghaldsgerð var framkvæmd eða stefna máls þessa birt. Í greinargerð hefur stefnandi lýst því, að krafa hans var með öllu ótryggð og eigi hafi sér verið kunnugt um, að stefndi ætti fast-eignir og lifeyrissjóður byggingaiðnaðarmanna hafi beiðst upp-

boðs á lausafé í eigu stefnanda. Því hafi hann ekki átt annars úrkosti en að beiðast kyrrsetningar í eignum stefnda til tryggingar kröfunni. Þykir nægilega í ljós leitt, að stefnanda stóð á miklu að fá dóm á þessari kröfu, sem stefnda var þá óskýlt að svara, en hins vegar bar stefnanda að gera grein fyrir því í mála-tilbúnaði sínum, að hér var um slíka ógjaldfallna kröfu að ræða.

Krafa um greiðslu vegna mælingar að Hofslundi 5, Garðahreppi, þykir sett fram á nægilega skýran hátt, og einnig má fallast á það með stefnanda, að fjárhæðir vegna mælinganna að Dalshrauni 3, Hafnarfirði, og Hofslundi 5, Garðahreppi, hafi mátt áætla í upphafi, þar sem mælingablöð voru í vörslu stefnda og, að því er virðist, óhægt að afla þeirra hjá mælingaskrifstofunni.

Með vísun til frávísunarröksemda stefnda og þess, sem rakið hefur verið hér að framan, þykir svo verulega hafa skort á, að málartilbúnaður stefnanda hafi verið nægilega skýr og afdráttarlaus, sbr. 88. og 105. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, að rétt þykir að vísa málinu frá dómi. Eftir þessum úrslitum þykir rétt samkvæmt 180. gr. einkamálalaganna, að stefnandi greiði stefnda kr. 10.000 í málskostnað.

Hjalti Zóphóníasson setudómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Tryggvi D. Friðriksson, greiði stefnda, Skeljafelli h/f, kr. 10.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.